

---

## Bæjarstjórnarfundur Ungafólksins 2018

Bæjarstjóri, bæjarfulltrúar og ágætu gestir, Jón Hjörvar heiti ég og er fulltrúi Hvíta hússins í ungmennaráði Akraness. Ég ætla að segja ykkur aðeins frá ungmennáþingi vesturlands sem fór fram 9. og 10. nóvember og enn og aftur rödd ungfólksins innan stjórnsýslunnar, og þá sérstaklega innan ráða og nefnda bæjarins.

Þetta er minn fimmti bæjarstjórnarfundur ungfólksins og mér finnst frábært að hafa séð þessa jákvæðu þróun sem hefur átt sér stað á þessum vettvangi síðastliðin ár. Mikil vitundarvakning hefur átt sér stað bæði hjá okkur ungfólkinu til að hafa áhrif og hjá ykkur í stjórnsýslunni að hlusta á það sem við höfum að segja. Þegar ég kom hingað fyrst árið 2013 stressaður en spenntur var upplifunin sú að bæjarstjórn vildi sýna útávið að tekið væri mark á rödd unga fólksins, taka nokkrar myndir og allir glaðir, ég hef t.d. ekki enn séð málefnið sem ég talaði um þá líta dagsins ljós að einhverju viti. Svo mætti ég hingað aftur árið 2015 og þó að málefni voru (og eru) lögð fyrir nefndir og sum framkvæmd fannst mér það vera meira til þess að benda á að það voru sko flottu ungmennin á Skaganum sem komu með þessa hugmynd. Árin 2016 og 17 kom fyrst þessi tilfinning “okei þau eru í alvöru að taka mark á okkur”. Sú tilfinning hefði átt að koma árið 2013 því málefni sem komu fram þá og fyrir það eru alveg jafn mikilvæg og málefni sem eru að koma fram núna. Ef maður skoðar fundargerðir frá bæjarstjórnarfundum unga fólksins koma oft upp svipuð eða sömu málefni frá ungmönnum sem er í raun fíranlegt því það sem kemur fram hér *á okkar besta vettvangi til að koma því á framfæri* á að taka alvarlega. Þetta eru þau málefni sem brennur helst á þriðjungi íbúa bæjarins.

Ungmennáþingið á Laugum var skemmtilegt, áhugavert og árangursríkt. Markmiðum var náð og góður samráðsvettvangur fyrir ungmennaráð á Vesturlandi stofnaður. Þó málefni milli sveitarfélaga eru ekki þau sömu getum við samræmt, hjálpað- og lært af hvort öðru. Við hér á Akranesi erum komin mjög langt í málefnum ungmenna í stjórnsýslunni og sveitarfélögin í kring horfa til okkar og fylgjast með því sem er að eiga sér stað hér í fallega bænum okkar. Þá þurfum við að halda áfram að sýna fordæmi og horfa til þeirra sveitarfélaga sem er komin

lengra. Ungmennni í Hólmavík eru til dæmis komin með áheyrnarfulltrúa inn í öll ráð sveitarfélagsins á öllum fundum ráðsins, þar sem öll málefni eru jú málefni ungs fólks. Það er eitthvað sem við getum tekið til fyrirmyndar. Á þinginu fengum við kynningu á starfi ungmennaráðs Hólmavíkur og samstarf þeirra við stjórn sveitarfélagsins. Það komu þrír fulltrúar ungmennaráðs og einn fulltrúi sveitastjórnar á þingið og voru með erindi um hvernig þau starfa. Við spurningu frá mér um hvernig ungmennaráðið náði inn fulltrúa í öll ráð var svarið einfalt “það var bara ákveðið og framkvæmt”. Sveitarstjórnin og ungmennaráðið ákváðu að ungmenni fengu inn áheyrnarfulltrúa og það var framkvæmt, ekki flóknara en það. Við getum vel gert það hér líka. Eini gallinn við þingið var að aðeins tveir fulltrúar úr bæjarstjórn Akraness komu og tóku þátt.

Nú hef ég setið sem áheyrnarfulltrúi ungmenna í skóla-og frístundaráði í þessu “tilraunastarfi” sem hófst fyrir tveimur árum. Þetta hefur af mínu mati gengið nokkuð vel en ég vil spyrja *Hvað á þetta tilraunastarf að vera lengi og hvert er okkar næsta skref?* Við ungmennaráðið og stjórnsýslan þurfum í sameiningu að gera vinnureglur varðandi ungmenni í ráðum og nefndum, því við sem sátum ungmennapíngið göngum út frá því að næsta skref sé að fara eftir fordæmi Hólmavíkur, Seltjarnarness og Árborgar og ungmennaráð Akraness fái inn áheyrnarfulltrúa í fleiri ráð og nefndir. Enn eru málefni sem snerta hag ungmenna rædd innan skóla- og frístundaráðs án áheyrnarfulltrúa. Við í ungmennaráðinu hvetjum til stofnunar samráðshóps ungmenna og bæjarfulltrúa þar sem skoðaðar verða leiðir til að koma í kring enn frekari samstarfi og aðkomu ungmenna í þeim málefnum sem koma okkur við. Sá samráðshópur gæti þá líka skrifað stefnu bæjarins í málefnum ungmenna

Að lokum hvet ég bæjarfulltrúa að kynna sér skýrslu ungmennapingsins og niðurstöður málþings ungs fólks því þar er að geyma marga góða punkta og minni málefni sem koma ekki upp á borðið hér sem gerir daglegt líf barna og ungmenna á Akranesi betra. Höldum jákvæðu þróunninni áfram, gerum betur og sýnum fordæmi í málefnum ungmenna.

Takk fyrir mig.

